

2. desember 2016

Starfshópur um frístundaakstur – mál nr. 1610266

Mættir: Unnur, Karólína og Geir starfsmaður hópsins.

Forföll: Margrét

Gestur: Valgerður Gréta Benediktsdóttir og Ragnheiður Einarsdóttir frá Strætó

Fundað: Kl 8:15 og í Keili, fundarherbergi þriðju hæð skrifstofu fræðslu- og frístundapjónustu. Fundi lauk 9:25.

Dagskrá:

Farþegatalningar frá 2015 kynntar en í dag er verið að uppfæra talningabúnaðinn sem verður rafrænn en áður var þetta handtalið. Fylgni er á milli fjárframlaga til Strætó og nýtingu á strætó. Verið er að uppfæra kerfið stöðugt og þá út frá nýtingu og hagkvæmni hverjar leiðar. Fækkun, reyndar lítil, hefur verið í notkun á Strætó hjá okkur í Hafnarfirði miðað við stöðuna 2015 og samanburð við fyrri ár. Leið eitt heldur uppi akstrinum í Hafnarfirði

Þörf á að einfalda kerfið í Hafnarfirði og sú vinna er að fara í gang í Hafnarfirði. Ásinn er einfaldur og allir skilja hvert hann fer en hinar leiðirnar virðast vera flóknari. Strætó finnur ekki fyrir því að íþróttabíllinn í Kópavogi þar sé að taka af þeim. Þurfum að ala krakka upp í að nota strætó en leikskólakrakkar eru þau sem elska strætó mest og svo dettur þetta niður í grunnskóla.

Sund og íþróttahússkólaakstur skólanna er kannski það kerfi sem við þurfum til að framlengja þjónustu við yngstu krakkana við lok skóladags til að koma þeim í frístundir.

Gera þarf drög að þarfagreiningarkönnun hjá foreldrum sem er kynnt á næsta fundi

Í Kópavogi greiða félögin sjálf fyrir akstur barna frá hverfum til HK og Breiðabliks.

Næsti fundur föstudag 9. desember 8:15

Geir ritar